

## GJALDSKRÁ

### Vatnsveitu Flóahrepps.

#### 1. gr.

##### *Gjaldskýlda.*

Sveitarstjórn Flóahrepps fer með stjórn Vatnsveitu Flóahrepps og innheimtir gjald fyrir lagningu heimæðar skv. 5. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004. Einnig er innheimt vatns-gjald og notkunargjald skv. 6. og 7. gr. laganna.

#### 2. gr.

##### *Heimæðargjald vatnsveitu.*

Lágmarksheimæðargjald fyrir eitt íbúðarhús sem tengist vatnsveitunni er kr. 242.605. Innifalið í gjaldi er tenging við vatnsveitu og lagning heimæðar, allt að 200 m frá stofnæð.

Lágmarksheimæðargjald fyrir lögbyli með einu íbúðarhúsi og atvinnustarfsemi er kr. 424.558. Innifalið í gjaldi er tenging við vatnsveitu og lagning heimæðar, allt að 200 m frá stofnæð. Sé um fleiri íbúðarhús að ræða gildir 2. gr. fyrir hvert viðbótarhús.

Heimæðargjald sumarbústaða/frístundahúsa er kr. 218.344. Innifalið í gjaldi er tenging við vatnsveitu og lagning heimæðar, allt að 100 m frá stofnæð.

Lágmarksheimæðargjald fyrir iðnaðar- og atvinnuhúsnaði er kr. 363.907. Innifalið í gjaldi er tenging við vatnsveitu og lagning heimæðar, allt að 200 m frá stofnæð.

Heimtaugargjald er kr. 181.953 fyrir land án húsa þar sem innifalinn er brynningarstandur, óraftengdur, með skriðloka, uppsettur og tengdur. Innifalið í gjaldi er tenging við vatnsveitu og lagning heimæðar, allt að 100 m frá stofnæð.

Aukagjald fyrir lagningu heimæðar umfram 200 m frá stofnæð fer eftir sverleika samkvæmt eftirfarandi:

25 mm heimæð eða grennri	631 kr./m
32 mm heimæð	679 kr./m
40 mm heimæð	728 kr./m
50 mm heimæð	764 kr./m
63 mm eða sverari	849 kr./m

Skilyrt er að lagning heimæðar og tenging við hús sé framkvæmd af starfsmanni Vatnsveitu Flóahrepps.

Þar sem leggja þarf heimæð undir veg fellur allur kostnaður vegna þess á viðkomandi vatns-tengingu.

Heimilt er að dreifa greiðslum heimæðargjalda í þrennt en greiðslum skal vera lokið fyrir tengingu við Vatnsveitu Flóahrepps.

Gjaldskrá heimæðargjalda breytist í janúarmánuði ár hvert til samræmis við vísitölu byggingar-kostnaðar sem er 562,6 í janúar 2012.

#### 3. gr.

##### *Vatnsgjald.*

Árlega skal greiða vatnsgjald af öllum fasteignum í sveitarfélaginu sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Álagningarstofn gjaldsins skal vera 0,2% af fasteignamati eignar.

Lágmarksálagning er 6.000 kr. og hámarksálagning er 18.000 kr. á íbúðar- og sumarhús.

Vatnsgjald er innheimt með fasteignaskatti með sömu gjalddaga og fasteignaskattur.

4. gr.  
*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps skv. 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og tekur gildi við birtingu hennar.

Eldri gjaldskrá nr. 59/2009 fellur úr gildi við gildistöku þessarar gjaldskrár.

*Flóahreppi, 4. apríl 2012.*

**Margrét Sigurðardóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 3. maí 2012